



## Öld könnunar



Sextánda öldin í Evrópu var öld könnunar. Evrópumenn sigldu um heimsins höf og könnuðu nýjar lendar. Á þessum tíma fundu þeir Ameríku, Afríku, Asíu og Eyjaálfu. Sumir landkönnuðurnir fundu líka ný fyrirbæri á næturhimninum.

Eitt stjörnuþjart kvöld sigldi portúgalski landkönnuðurinn Ferdinand Magellan yfir miðbaug á suðurhveli Jarðar. Magellan hafði ekki aðeins siglt í kringum áður óþekkt lönd og ný höf, heldur sá hann algerlega nýjan stjörnuhiminn! Frá suðurhveli Jarðar sjást nefnilega aðrar stjörnur en frá norðurhveli Jarðar. Þegar Magellan horfði á þessar nýju stjörnu tók hann eftir fyrirbæri sem leit út eins og dauft ský á himninum. Skýið hreyfðist samt aldrei neitt.

Magellan mætti örlögum sínum í baráttu við filippseysskan höfðingja. Hann sneri aldrei aftur til Evrópu en honum til heiðurs var skýið nefnt eftir honum og kallast í dag Stóra Magallansskýið.

Í dag vitum við að Stóra Magallansskýið er dvergvetrarbraut, tíu sinnum minni en Vetrarbrautin okkar. Hún hringsólar um Vetrarbrautina okkar eins og reikistjörnurnar snúast í kringum sólina. Á myndinni sem fylgir horfum við djúpt inn í Stóra Magallansskýið, á gas- og rykský sem eru að mynda nýjar stjörnur.

Bæði þessi gas- og rykský eru lýst upp af ungunum og mjög heitum stjörnum innan í skýjunum. Þau eru samt sem áður harla ólík: Annað er rautt en hitt blátt. Ástæðan er efnasamsetningin. Í bláa skýinu er mikið af súrefni en rauðglóandi skýið er uppfullt af vetni.

## COOL FACT

Önnur dvergvetrarbraut er nefnd eftir Ferdinand Magellan. Það er kallað Litla Magallansskýið. Margir stjörnufræðingar telja að Vetrarbrautin okkar muni að lokum éta báðar þessar vetrarbrautir!

